

**16. fundur hreppsnefndar Ásahrepps, haldinn á skrifstofu Ásahrepps miðvikudaginn 12. júní 2019 klukkan 8:30.**

Mættir voru: Ásta B. Ólafsdóttir, oddviti hreppsnefndar, Brynja J. Jónasdóttir, Egill Sigurðsson, Elín Grétarsdóttir, Karl Ölvisson sem varamaður Guðmundar Gíslasonar og Valtýr Valtýsson sveitarstjóri.

Fundargerð var færð í tölvu og hana ritaði Valtýr Valtýsson.

Ásta B. Ólafsdóttir setti fund og bauð fundarmenn velkomna og kannaði hvort athugasemdir væru við boðun fundar. Engar athugasemdir voru gerðar.

**1. Fundargerðir til samþykktar:**

2.1. 177. fundur skipulagsnefndar, ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa 19-100.

Mál nr. 1; Jarðstrengslögn í Ásahreppi- svæðiskerfi raforku á Suðurlandi; Aðalskipulagsbreyting – 1805012.

Lögð fram að lokinni kynningu skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillaga og greinargerð Eflu dags. 29.3.2019, að breytingu á aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022, sem felur í sér að sett er inn allt að 3 ha iðnaðarsvæði fyrir tengivirki í landi Lækjartúns ásamt tengingu við Suðurlandsveg. Einnig er Selfosslína 2 felld út og gert ráð fyrir jarðstreng í hennar stað. Lagnaleið innan Ásahrepps er um 10 km löng.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir fyrirbyggjandi tillögu og greinargerð í samræmi við 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkir að tillagan verði auglýst skv. 31. gr. sömu laga. Skipulagfulltrúa er falið að senda Skipulagsstofnun skipulagstillöguna til yfirferðar í samræmi við 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga, áður en tillagan verður auglýst.

Mál nr. 2; Sauðholt 2 lóð L220917; Skilgreining byggingarreita og skilmála; Deiliskipulag – 1905036.

Lögð er fram umsókn Sigurðar Þ. Jakobssonar, dags 15. maí 2019, fyrir hönd Þórunnar G. Þórarinsdóttur eiganda lóðarinnar Sauðholt 2 lóð, L220917, í landi Sauðholts í Ásahreppi, um gerð deiliskipulags. Skipulagstillagan gerir ráð fyrir að heimilt verði að byggja á lóðinni frístundahús, allt að 80 m<sup>2</sup>, gestahús allt að 25 m<sup>2</sup> og geymslu allt að 15 m<sup>2</sup>. Hámarks nýtingarhlutfall lóðar 0,03.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir fyrirbyggjandi tillögu í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og samþykkir að tillagan verði auglýst skv. sömu lögum.

Mál nr. 3; Steinás L176490; Byggingarreitir skilgreindir; Deiliskipulag – 1905018.

Lögð er fram umsókn Kjartans Sigurbjartssonar, dags 6. maí 2019, og tillögu að deiliskipulagi Proark dags. maí 2019, fyrir hönd Reynis Arngrímssonar og Nönnu Maju Norðdahl, eiganda jarðarinnar Steinás, L176490, í Ásahreppi.

Skipulagstillagan gerir ráð fyrir afmörkun tveggja byggingarreita á jörðinni. Á byggingareit 1 er heimilt að byggja íbúðarhús, skemmu, gróðurhús og gestahús. Á byggingareit 2 er heimilt að byggja allt að 55 m<sup>2</sup> byggingu fyrir gistingu.

Hreppsnefnd Ásahrepps tekur jákvætt í umsóknina en mælist til þess að jafnframt verði unnin skipulagslýsing í samræmi við 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 21; Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 19 -100 – 1905001F.

Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 15. maí 2019 lagðar fram til kynningar.

*(Handwritten signatures and initials in blue ink)*

**2. Fundargerðir til kynningar:**

- 2.1. 14. fundur stjórnar Odda bs.
- 2.2. 15. fundur stjórnar Odda bs.
- 2.3. 204. fundur stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.
- 2.4. 39. fundur stjórnar Byggðasamlags um félags- og skólaþjónustu Rang. og V-Sk.
- 2.5. 280. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.
- 2.6. Stjórnarfundur Bergisans bs, 27. maí 2019.
- 2.7. 871. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

**3. Aðalfundur Eignarhaldsfélags Suðurlands hf; kosning fulltrúa Ásahrepps.**

Lagt fram bréf Eignarhaldsfélags Suðurlands hf þar sem boðaður er aðalfundur félagsins þann 20. júní n.k.

Hreppsnefnd samþykkir samhljóða að Ásta B. Ólafsdóttir verði fulltrúi Ásahrepps á aðalfundinum. verði varamaður.

**4. Grænbók um stefnu um málefni sveitarfélaga.**

Lögð fram drög að grænbók um stefnu ríkisins um málefni sveitarfélaga. Einnig lagt fram minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 27. maí 2019.

Umræða varð um fyrirliggjandi drög að grænbók.

**5. Samningar:**

**5.1. Samstarfssamningur um skógræktarsvæði í Ásahreppi.**

Lagður fram samstarfssamningur um skógræktarsvæði í Ásahreppi, sem undirritaður var 17. apríl 2012. Samningurinn var í gildi til 31. desember 2015.

Jafnframt var lagt fram tölvuskeyti Sigríðar H. Heiðmundsdóttur, formanni Skógræktarfélags Rangæinga, þar sem óskað er eftir að samningur þessi verði endurskoðaður.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að endurnýja samning við Skógræktarfélag Rangæinga á sömu nótum og fyrri samningur frá 17. apríl 2012. Valtý Valtýssyni falið að undirrita samninginn fyrir hönd Ásahrepps.

**5.2. Þjónustusamningur milli KPMG og Ásahrepps.**


Lögð fram drög að þjónustusamningi milli Ásahrepps og KPMG vegna þjónustu við færslu bókhalds m.m. Samningurinn er í fullu samræmi við núgildandi samning milli aðila. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirliggjandi drög að þjónustusamningi og felur Valtý Valtýssyni, sveitarstjóra, að undirrita samninginn fyrir hönd Ásahrepps.

**6. Innsend bréf og erindi:**

**6.1. Tölvuskeyti Gunnars Helgasonar, dags. 31. maí 2019; Nýtt deiliskipulag að Húsum 1.**


Lagt fram tölvuskeyti frá Gunnari Helgasyni og Björk Jakobsdóttur þar sem þau gera athugasemd við deiliskipulag á landi Húsa 1, sem Óðinn Örn og Laufey Ósk hafa látið vinna og auglýsa. Þar er gert ráð fyrir lóð undir íbúðarhús, lóð fyrir hesthús/skemmu og lóð fyrir allt að 6 smáhúsum fyrir ferðaþjónustu. Gunnar og Björk gera athugasemdir við staðsetningu byggingarreits fyrir ferðaþjónustuhús sem liggur að landamerkjum þeirra og mjög nærri þeirra byggingum. Telja þau að þau muni verða fyrir ónáði af rekstri ferðaþjónustu svo nærri bústað þeirra og gestahúsi.


Deiliskipulagið hefur farið lögbundinn farveg skv. lögum og hefur verið afgreitt af skipulagsnefnd og hreppsnefnd og komu engar athugasemdir fram á auglýsingartíma deiliskipulagsins. Hreppsnefnd Ásahrepps hefur ekki tók á því að taka málið upp aftur þar sem öllum lagalegum verkferlum hefur verið framfylgt.





- 6.2. Bréf Styrktarfélags Klúbbsins Stróks, dags. 30. apríl 2019; styrkbeiðni.  
Lagt fram bréf Styrktarfélags Klúbbsins Stróks þar sem óskað er annars vegar eftir fjárstyrk til reksturs klúbbsins. Hins vegar er óskað eftir því að Ásahreppur skoði þann möguleika að styrkja starfsemi Stróks árlega með föstu framlagi.  
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að veita árlegan styrk til klúbbsins að upphæð kr. 30.000 yfir tímabilið 2019 til 2022.
- 6.3. Tölvuskeyti Samtakanna Hjartaheill, dags. 20. maí 2019; styrkbeiðni.  
Lagt fram tölvuskeyti Samtakanna Hjartaheill þar sem óskað er eftir stuðningi í tengslum við útgáfu fréttablaðsins Velferð.  
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að styrkja útgáfu blaðsins að upphæð kr. 15.000.
- 6.4 Tölvuskeyti Geðhjálp, dags. 27. maí 2019; styrkbeiðni.  
Lagt fram tölvuskeyti Geðhjálp þar sem óskað er eftir stuðningi í tengslum við útgáfu blaðsins Geðhjálp.  
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að styrkja útgáfu blaðsins að upphæð kr. 5.000.
7. **Bréf og erindi til kynningar:**
- 7.1. Bréf Lex lögmanna, f.h. Ásahrepps, til embættis ríkislögmanns (afrit); kröfugerð í kjölfar hæstaréttardóms.
- 7.2. Yfirlýsing frá samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 28. maí 2019.
- 7.3. Bréf Unicef, dags. 22. maí 2019; hvatning.
- 7.4. Skýrsla Orlofs húsmæðra 2018 ásamt rekstraruppgjöri.
8. **Sumarleyfi hreppsnefndar og skrifstofu.**  
Sumarleyfi hreppsnefndar verður í júlímánuði og verður næsti reglubundni fundur haldinn á ágústmánuði. Sumarleyfi skrifstofu verður á sama tíma.


Fundargerð samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:40.


  
Asta B. Ólafsdóttir

  
Elín Grétarsdóttir

  
Karl Ölvisson

  
Egill Sigurðsson

  
Brynja J. Jónasdóttir

  
Valtýr Valtýsson